

Tónlistardeild

Nýmiðlatónsmíðar

Úr Engu og Falskur Hirðir

Umfjöllun um tvö lokaverk

Greinargerð meðfylgjandi BA-lokaverkefni í tónsmíðum

Starri Holm

Vorönn 2023

Inngangur

Lokaverkið mitt var tvö verk: Úr Engu og Falskur Hirðir. Fyrra verkið er strengjaverk en seinna verkið er industrial verk. Greinagerðin tekur þessi tvö verk fyrir eitt í einu og farið verður yfir tónsmíðuferlið, hugmyndafræðina og skýringu verkanna. Í lokin er ígrundun þar sem bæði verkin, ferlið og tónleikarnir eru skoðaðir úr fjarlægð og verður farið yfir þessa reynslu og hvað ég lærði.

Úr Engu

Fyrsta verkið er fyrir strengja kvintett, píanó, raftrommur og syntha bassa. Verkið byggist að mestu leyti í kringum píanó ostinato sem strengirnir og rafhljóðfærin leika í kringum. Fyrir dýpri strengina vildi ég styðjast við langa gliss frasa sem byrja ekki alveg samtímis en í lok frasans eru strengirnir búnir að samstillast. Fyrir hærri strengina lagði ég mikla áherslu á „gervi“ harmóník tóna sem býr til óvenjulega háa og ískrandi tóna.

Ólíkt öðrum verkum sem ég hef unnið áður var ég ekki með neina sjónræna eða fagurfræðilega hugmynd sem ég vann verkið út frá. Nánast í hvert skipti sem ég sem verk þá er ég með einhversskona sjónræna hugmynd í huganum. Í þetta sinn var ég ekki með neitt svoleiðis til að byrja með, ég byrjaði bara að semja nánast út í loftið og fylgdi bara því sem mér fannst hljóma vel án þess að vera með neina sjónræna hugmynd til að vinna út frá, þaðan kemur titill lagsins. Eftir að titillinn kom í ljós þá byrjaði að myndast sjónræn hugmynd, mynd af einhversskonar þróun, eitthvað sem er að verða til úr engu og stækkar og stækkar en hverfur svo. Verkið byrjar í nokkurs konar tómarúmi þar sem er bara píanó sem spilar tiltölulega frjállega, ef við hugsum um þetta fyrirbæri sem er að verða til sem X þá í fyrsta kaflanum sjáum við X að verða til, fyrstu merkin um að þessi tilvera sé að byrja. Í öðrum kafla byrjar ostinato-ið og strengirnir koma líka inn og eru þeir að mestu leyti samtaka en ekki alveg. Hér er þróunin að auka hraðann og X byrjar að stækka og þróast en er ekki búíð að fullþróast, ekki ennþá búíð að fínstilla formið sitt. Verkið nær hápunkti í lok kaflans og þá eru strengirnir búnir að ná að samstillast sig og mynda heild. Með þessu er X komið í sitt lokaform. Í þriðja og síðasta kaflanum hverfur píanóið í langan tíma og strengirnir sitja einir eftir en samheldnin á milli þeirra er búin að losna, hvert strengjahljóðfæri spilar á sitthvorum tíma líkt og í byrjun. Þetta er X að deyja eða hverfa

(eftir því hvernig maður túlkar hvað X er). Undir lokin fer samheldni á milli hljóðfærana að myndast aftur en er ekki jafn mikilfenglegt og hávært og það var í fyrri kaflanum, núna er það tiltölulega þögult og verkið endar á öllum hljóðfærunum að spila sömu nótu samtímis, fyrsta skipti sem það gerist í verkinu, og er það merki um að það að er í lagi að X hverfi eða deyji, það á að gerast.

Þar sem að verkið varð til í nokkurskonar ómeðvituðu flæði er erfitt að nefna áhrifavalda fyrir það en það eru þó einhverjir. Þegar kemur að hvernig ég vildi vinna með strengina það er að segja hvað það var sem kveikti áhuga minn á harmóník strengjunum þá var verkið The Current eftir hackedepiccioetto sterkur óbeinn áhrifavaldur. Ég var virkilega hrifinn af ískrandi strengjunum sem liggja undir verkinu og mig langaði að notfæra mér þá tækni nema setja þá í stærra hlutverk en í The Current. Áhrifavaldar verksins tengdust aðallega hljóðinu en ekki tónlistinni sjálfri beint þar sem verkið var samið í svo miklu flæði. Í samhengi eigin verka er hægt að draga líkindi á milli þessa verks og Delirium sem ég samdi fyrir Ómkvörnina í fyrra vor. Bæði verkin eru strengjaverk og þau eiga það bæði sameiginlegt að þau notfæra gliss á stóran hátt. Delirium er þó mun drungalegra og tilraunakenndara verk. Í því verki teygist ein gliss nóta oft yfir marga takta og það er ákveðin þyngd og kvíði sem hvílir yfir verkinu. Úr Engu er ekki beint glaðlegt verk en það er ákveðin fegurð og von í karakter verksins, þó svo að ég sé að stóru leyti að nota svipaða hugmyndafræði og í Delirium þegar kemur að hljóðfæraleyfum þá er niðurstaðan allt önnur, sömu aðferðir eru notaðar í öðru samhengi og tilgangi.

Falskur Hirðir

Seinna verkið er industrial verk fyrir heimagerðar stáltrommur og syntha. Verkið er þungt og ryþmískt og byggist í kringum bassa lúppu og trommur. Annað aðalhlutverk í verkinu er radd-samplið sem er mikið notað í verkinu. Þegar ég var búinn að semja verkið að mestu leyti leið mér eins og það vantaði raddir í verkið en ég var ekki viss um hvernig ég myndi fara að því. Fyrir tilviljun hafði ég horft á heimildarmynd um svokallaða televangelist-a í Bandaríkjunum; prestar sem fara í sjónvarpið eða stíga upp á svið í svokölluðum megachurches og „lækna“ fólk og reyna að notfæra sér trú fólks til að græða pening. Mér datt þá í hug að televangelist messa gæti verið verið fullkomið radd sample. Það reyndist þó erfitt að finna messu sem mér fannst virka nógu vel en ég rakst loksins á eina messu sem mér fannst virka vel. Sample-ið var svo fullkomið að tempo-ið í ræðunni passaði

meira að segja við tempo verksins. Næsta skref var þá að fara í gegnum ræðuna og finna parta sem ég vildi nota og raða þeim upp á áhrifaríkann hátt og í leiðinni gera þá músíkalska. Þegar samplið var komið inn þá fannst mér verkið fá nýja meiningu, í sameiningu við stöðuga taktinn í trommunum og bassannum fór verkið að minna mig á fornar athafnir og þá kom upp hugmynd um að verkið væri að sýna athöfn hjá sértrúarsöfnuði á meðan leiðtogi sértrúarsafnaðarinnar öskrar og predikerar yfir fylgjendur sína eins og einræðisherra. Þá myndaðist sú saga um að þessi svindlari væri í raun að auka fylgi sitt og mátt ekki bara til að græða pening heldur til þess að verða þróast úr því að vera maður og yfir í að vera guðlegur og gerast sálarhirðir. Ég ákvað því að skipta verkinu í þrjú kafla. Fyrsti kafli er sjónvarpsútsending prestsins að byrja og því vildi ég vinna allt hljóðið eins og það væri að koma úr gömlu túbúsjónvarpi, mikið suð og háar tíðnir. Annar kafli er athöfnin sjálf, þá byrjar stöðugi takturinn og lætin og er þetta aðal hluti verksins. Hér er markmiðið að fá hlustandann til að fara í trance eins og gerist þegar maður hlustar á háværa tónlist, heilinn slekkur á sér og maður stígur út fyrir líkama manns. Þetta er einmitt áhrifin sem koma yfir fólk í fornum athöfnum til dæmis, það er hávaði og trommusláttur til þess að fá fólk til að missa sig og það er það sem ég vildi gera í þessu verki. Í þriðja kaflanum dettur allt út nema ýmis ískur og óhljóð og píanó kemur inn, í þessum kafla er presturinn búinn að ná markmiði sínu og er orðinn guðlegur. Í þeim kafla er fegurð og myrkri blandað saman á vissann hátt. Píanóið er frekar fallett en þó sorglegt sem mér finnst tákna mikilfengleika þess að ná guðleika, á vissann hátt vildi ég reyna að ná að fanga hvernig manni myndi líða ef maður fengi staðfestingu á því að guð sé til, það væri ótrúlegt en það myndi gjörsamlega breyta heimsmynd manns. Undir þessu öllu eru ískur og drunur sem tákna illskuna í kringum þetta, hann náði guðleika á illann hátt þar sem hann svindlaði á fólki til þess að gera það. Þannig hann er orðinn hirðir sálanna sem fara til guðs en þar sem ætlun hans er ekki góðviljuð er hann falskur hirðir.

Helstu áhrifavaldir mínir fyrir þetta verk er Einstürzende Neubauten þar sem það er hljómsveitin sem byrjaði áhuga minn á industrial tónlist og tilraunakenndri tónlist yfir höfuð. Þetta eru þó óbein áhrif í þessu tilfelli, verkið er ekki að taka neitt beint frá lagi eftir þá, það er meira þessi málmkenndi og ryðmíski karakter sem er í þeirra tónlist sem hafði áhrif á þetta verk. Heimildarmyndin sem ég horfði á um televangelistana hafði sterk áhrif á verkið þar sem að hún gaf mér söguþráð og þema verksins sem hjálpaði mér ekki bara að setja ákveðinn ramma í kringum verkið en það hjálpaði mér líka að semja nýja hluta í

verkinu með þetta þema í huga. Mér hefði aldrei dottið í hug að sameina þessa tvo heima saman hefði ég ekki horft á þessa mynd.

Ígrundun

Mér þótti allt ferlið vera mjög áhugavert. Tónsmíðin voru tiltölulega fljót að klárast, ég fékk eiginlega samviskubit yfir því þar sem ég hafði alltaf séð fyrir mér að tónsmíði lokaverks væru eitthvað sem tæki gífurlega langan tíma og væri oft unnið í því langt fram á nótt. Stundum fékk ég það mikið samviskubit að ég reyndi að semja meira ofan á verkið en mér þótti það aldrei koma vel út. Á ákveðnum tímamarki náði ég að setta mig við að verkin væru fullsamin, þetta var bara tilfelli þar sem allt gekk bara upp hraðar en venjulega. Tæknivinnan var þó töluverð, þar sem að það þurfti backing tracks fyrir bæði verkin fór mikill tími í að fullkomna þau. Það voru ótal mix gerð og þau prófuð í ýmsum hátölurum, þar á meðal hátölurum í Dynjanda. Síðan þurfti að finna út úr allskonar praktískum atriðum með strengjaleikara þar sem þau þurftu að vera með click track svo þau væri samtímis hvor öðru og backing trackinu og fyrir það þurfti að útvega formagnara og allskonar framlengingarsnúrur. Áður en æfingarnar byrjuðu eyddi ég miklum tíma með Rún sem spilaði á bassann í verkinu í að finna út úr harmóník tónunum, hvernig væri best að spila þá og hvernig væri best að nótnasetja þá. Það var mjög hjálplegt þar sem að ég samdi verkið með midi-syntha sem var með strengjaharmóník hljóð þannig að ég var ekki ennþá kominn með á hreint hvort að þetta væri eitthvað sem væri raunverulega hægt að spila. Sem betur fer gengu allir harmóník tónarnir upp og það var hægt að spila verkið. Æfingarnar fyrir Úr Engu gengu mjög vel. Við náðum ekki að æfa jafn oft ég hefði viljað þar sem strengjaleikararnir voru bókaðir í svo mörg önnur verk en við nýttum vel þann tíma sem við höfðum. Það var mjög hjálplegt að fá ábendingar frá strengjaleikurunum hvað varðaði nóturnar og þau hjálpuðu mér að finna og fullklára nótnasetninguna. Einnig voru allir mjög áhugasamir og ákafir að læra verkið og sýndu mikinn skilning og þolinmæði ef það var eitthvað í nótonum sem „virkaði ekki“ þar sem að þau vissu að ég er ekki sérfræðingur í tónfræði og nótnaskrifum og þau hjálpuðu mér að betrubæta nóturnar. Æfingarnar fyrir Falskur Hirðir gengu einnig mjög vel. Ég gat æft það oft þar sem að ég spila það einn. Áður en æfingarnar gátu byrjað þurfti þó að gera upp hljóðfærin sem ég ætlaði mér að spila á. Ég þurfti að útvega nýjan efnivið, til þess að gera það þurfti

ég að fara á allskonar ruslahauga og yfirgefin hús til þess að finna efnivið. Einnig þurfti ég að bæta festingarnar á hljóðfærinu, stilla hljóðfærið og það tók allt sinn tíma. Æfingarnar sjálfar voru margar og gengu mjög vel en hendurnar mínar voru allar út í blöðrum eftir þær og það lá við að ég gæti ekki flutt verkið á tónleikunum þar sem að hendurnar mínar voru í rústi. Ég sleppti æfingum seinustu tvo dagana fyrir tónleikana og þá náðu hendurnar að jafna sig og ég gat spilað. Tónleikarnir fóru næstum hiklaust fram, það var eitt smávegis klúður í byrjuninni á Úr Engu þar sem að píanóleikarinn kom aðeins seint inn og það sló strengjaleikarana aðeins út af laginu en þau náðu sem betur fer að samstillast aftur. Fyrir utan þetta litla klúður voru tónleikarnir fullkomnir.

Úr Engu er alls ekki fyrsta strengjaverkið sem ég hef samið en þegar ég hlustaði á það var það í fyrsta sinn sem ég hlustaði á strengjaverk eftir mig og fannst það hljóma eins og það hefði verið samið af einhverjum sem vissi hvað hann væri að gera, þetta hljómaði eins og alvöru strengjaverk. Eftir þetta afrek veit ég að mig langar að kafa dýpra í þennan heim og halda áfram að semja fyrir strengi, þá sérstaklega tiltöluega tilraunakennda strengi eins og eru í þessu verki, þar sem að ég veit að ég get það almennilega núna. Þannig að þetta er eitthvað sem mig langar að kanna frekar. Einnig finnst mér hugmyndin á bakvið Falskur Hirðir vera sterk og ég væri mjög til í að halda áfram þessa hugmyndafræði, það er að segja þessi trúarlegu þemu þar sem að mér fannst það anda svo nýju lífi í verkið í þessu tilfelli og ég held að það gæti verið gott að nota það aftur.